

SKÝRSLA

2016

Hópslysaæfing í Þingeyjarsýslu Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra



UNDIRBÚNINGUR, FRAMKVÆMD, RÝNI OG NIÐURSTÖÐUR



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN, LÖGREGLUSTJÓRINN Á NORÐURLANDI
EYSTRÁ, ALMANNAVARNANEFND ÞINGEYJARSÝSLU

Ritstjóri

Friðgerður Br. Jónsdóttir, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Uppsetning

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Æfingastjórn

Kristján Kristjánsson, lögreglan Norðurlandi eystra

Friðgerður Br Jónsdóttir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Hreiðar Hreiðarsson, lögreglan Norðurlandi eystra

Grímur Kárason slökkviliði Norðurþings

Magnús Hermannson svæðisstjórn björgunarsveita

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	4
Samantekt.....	6
Um æfinguna	8
Undirbúningur	8
Æfingastjórn skipuðu eftirfarandi.....	8
Þátttakendur- tengiliðir þeirra og netföng	8
Fjármögnun raunæfingar.....	9
Undirbúningsæfingar.....	9
Markmið raunæfingar er að	9
Boðunarprófun	10
Æfingabúnaður	10
Vettvangur raunæfingar og takmarkanir.....	10
Gátlisti undirbúnings	11
Framkvæmd.....	13
Boðun	13
Fjarskipti – TETRA hópar.....	15
Vinna í fjöldahjálparstöð:	16
Verkefni aðgerðastjórnar (AST):.....	16
Samskipti AST, vettvangs, SSS, fjöldahjálparstöðvar og samráðshóps áfallahjálpar:.....	16
Gátlisti framkvæmdar raunæfingar:.....	18
Þáttur fjölmiðla.....	19
Rýni	20
Niðurstaða rýnifundar	20
Niðurstöður æfingar.....	22
Tillögur til úrbóta	22
Aðgerðarstjórn skýrsla: Halla Begþóra og Kristján	23
Ráðgjafi Aðgerðastjórnar: Friðgerður Br Jónsdóttir AVD	24
Vettvangsstjóri skýrsla: Stefán Þ Hallgrímsson.....	25
Ráðgjafi vettvangsstjóra: Rögnvaldur Ólafsson.....	26

Björgunarstjóri skýrsla: Rúnar Traustason	27
Ráðgjafi björgunarstjóra: Þorlákur Snær Helgason Isavia	28
Aðhlyningstjóri skýrsla: María Sigurrós Ingadóttir	30
Gæslustjóri skýrsla: Vignir Stefánsson.....	32
Ráðgjafi Gæslustjóra: Hermann Karlsson	33
Flutningastjóri skýrsla: Bjarni Þór	34
Ráðgjafi flutningsstjóra: Hallgrímur Óli	35
Ráðgjafi leikara: Soffía Helga Valsdóttir	36

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingar sem haldin var í umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi eystra í þann 3 september 2016. Gátlistar vegna hvers verkþáttar eru lagðir fram. Í þessari skýrslu er að finna samantekt, rýni og tillögum til úrbóta.

Markmið þessarar var að æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila á vettvangi, æfa einstaka verkþætti í hópslysum. Æfingin var haldin til að fylgja eftir viðbragðsáætlun vegna Hópslysa sem gerð hefur verið fyrir umdæmið

Markmiðin náðust í meginatriðum.





Samantekt

- Þátttakendur í þessari æfingu voru ca 100 manns :(skipting kemur fram síðar í skýrslunni). Almenn ánægja var þátttakendum með æfinguna.
- Veður þann dag sem æfingin fór fram var mjög gott sól og hiti. Æft var í raunviðri og á rauntíma.
- Slysavettvangur var í Aðaldal við Klömbrur. Til stóð að vera með rútu á vettvangi en þegar til kom fékkst hún ekki. Á vettvangi voru 5 bilflök þar sem tvö flakanna voru sett saman til að líkja eftir rútu.
- Söfnunarsvæði slasaðara var í Hafralækjarskóla (Þingeyjarskóli við Hafralæk). Fjöldahjálparstöð var einnig í Hafralækjarskóla. Ferill þolenda var æfður þar til allir sjúklingar höfðu verið fluttir á brott og búið að tæma söfnunarsvæði.
- Í Samhæfingastöðinni í Reykjavík (SST) voru þrjú fulltrúar frá almannavarnadeild og einnig fulltrúi frá LSH. Þeirra hlutverk var að styðja við aðgerðastjórn í héraði og sinna þeim verkefnum sem komu inn á borð SST.
- Æfingin hófst kl.10:00 með símtali til Neyðarlínu sem síðan boðaði viðbragðsaðila.
- Ráðgjafar komu frá Akureyri og Reykjavík til þess að vera verkþáttastjórum , vettvangsstjórn (VST) og aðgerðastjórn (AST) innan handar, ásamt því að rýna æfinguna.
- Fimmtudaginn 01 September kl 10:00 var boðunarprófun frá Neyðarlínu, frá kl 16:00-19:00 þá var upprifjun og fræðsla á SÁBF kerfinu fyrir vettvangsstjórn og verkþáttastjóra og farið yfir þeirra hlutverk í æfingunni. Kl 19:30 var setning æfingarinnar og kennsla í bráðaflokkun.
- Föstudaginn 02 september kl 15:00 var fjarskiptaprófun, þá voru viðbragðsaðilar að prófa fjarskipti en nýjir talhópar Tetra voru notaðir í æfingunni. Skrifborðsæfing var haldin kl 15:15 með AST, VST og verkþáttastjórum. Aðgerðastjórn var staðsett á lögreglustöðinni á Húsavík. Vettvangsstjórn og verkþáttastjórar voru staðsett í Nausti björgunarsveitarhúsinu á Húsavík.
- Markmið þessarar æfingar var að fara yfir SÁBF (stjórnun, áætlanir, bjargir og framkvæmdir, verkþáttaskipulag almannavarna og TETRA talhópa sem nota skyldi á raunæfingu. Kl 17:30-19:00 var haldin stöðufundur í Nausti á þar sem farið var yfir gang æfingarinnar og hlutverk AST, VST og annarra sem komu að æfingunni.
- Viðbragðsaðilar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra eru mjög vel þjálfaðir og kunna vel til verka.
- Góð aðstaða er fyrir aðgerðastjórn á lögreglustöðinni á Húsavík, einnig er mjög fín aðstaða í Nausti húsnaði björgunarsveitar á Húsavík



Um æfinguna

Undirbúningur

Undirbúningur æfingarinnar hófst snemma árs 2016 með fundi undirbúningsaðila. Á fundinum voru gerð fyrstu drög að samstarfssamningi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra vegna æfingarinnar **Ábyrgð, markmið, umfang, takmarkanir og rýni** skilgreind.

Æfingastjórn var skipuð og hún skipti strax með sér verkum

Æfingastjórn skipuðu eftirfarandi

Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn	krkr@logreglan.is
Friðgerður Br Jónsdóttir Almannavarnadeild	fridgerdur@logreglan.is
Hreiðar Hreiðarsson lögreglan	8824@tmd.is
Grímur Kárasón slökkviliðsstjóri	slokkvilið@nirdurthing.is
Magnús Hermannsson svæðisstjórn Bjsv	maggih@ver.is

Þátttakendur- tengiliðir þeirra og netföng

Innan umdæmis:

Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri	hbb01@logregla.is
Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn	krkr@logreglan.is
Jóakim Júlíusson lögreglan	0754@tmd.is
Þórir Örn Gunnarsson slökkvilið	totigunnars@nordurthing.is
Hermann Karlsson lögregla	8904@tmd.is
Kristján Þór Magnússon sveitastjóri	kristjanthor@nordurthing.is
Gaukur Hjartarsson bæjarstarfsm	gaukur@nordurthing.is
Gísli Árnason björgunarsveit	gisli@sphthin.is
Kristján Öundurson björgunarsveit	Krillinn@simnet.is
Pétur Bjarni Gíslason björgunarsveit	petur@nett.is
Regína sigurðardóttir HSN	regina.sigurdardottir@hsn.is
Soffía Helga Valsdóttir ráðgjafi leikara	soffiaoglaki@forever.is
Stefán Þ Hallgrímsson lögreglan	sh02@logreglan.is
Ingvar B Dagbjartsson lögreglan	0420@tmd.is
Sævar Guðbrandsson slökkviliði	hollin@simnet.is
Ómar Gunnarsson björgunarsveit	morri@kopasker.is
Rúnar Traustason slökkvilið	runartrausta@gmail.com

Baldvin Áslaugsson slökkvilið	tresolehf@gmail.com
Ástþór Stefánsson björgunarsveit	upp4@simnet.is
Bjarni Björgvinsson björgunarsveit	bjarnitor87@gmail.com
María Sigurrós Ingadóttir HSN	maria.sigurros.ingadottir@hsn.is
Jóhanna Kristjánsdóttir HSN	johanna.kristjandottir@hsn.is
Vignir Stefánsson lögregla	vs01@logreglan.is
Sigrún Herdísardóttir lögregla	sh01@logreglan.is

Þátttakendur utan umdæmis (ráðgjafar)

Rögvaldur Ólafsson AVD	rognvaldur@logreglan.is
Friðgerður Br Jónsdóttir AVD	fridgerdur@logreglan.is
Ágúst Gunnar Gylfason AVD	agust@logreglan.is
Eggert Magnússon AVD	eggertm@logreglan.is
Bára Benediktsdóttir LSH	baraben@landspitali.is
Jón Brynjar Birgisson Rauði krossin	jon@redcross.is
Þorlákur Helgason Isavia	

Fjármögnun raunæfingar

Hvert embætti/ stofnun þar kostnað af sinni þátttöku. Almannavarnadeild RLS tryggði leikara á æfingunni.

Undirbúningsæfingar

Dagana 01 og 02 september fór fram fræðsla og fundir í tengslum við æfinguna fyrir þátttakendur. Áhersla var lögð á aukinn skilning á verkþáttaskipiritinu SÁBF og á verkefnum VST annars vegar og verkefnum AST hins vegar.

Skrifborðsæfing fyrir AST,VST og verkþáttastjóra fór fram 02 september. Markmið skrifborðsæfingarinnar var að undirbúa viðbragðsaðila fyrir raunæfinguna.

Fræðsla og æfingar fóru fram á lögreglustöðinni á Húsavík og Nausti húsi björgunarsveitarinnar.

Markmið raunæfingar er að

Æfa viðbragðsáætlun vegna hópslysa í viðkomandi umdæmi

Æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila

Æfa einstaka verkþætti í hópslysum

Æfa verkþætti þeirra stofnana sem taka þátt í verkefninu

Boðunarprófun

Var haldin fimmtudaginn 01 september kl 10:00 og var hún framkvæmd af Neyðarlínunni. Þeir sem venjulega eru kallaðir út þegar slys verður á þessu svæði, fengu boð frá Neyðarlínunni.

Æfingabúnaður

Ísavia lánaði ráðgjafavesti, AVD lagði fram búnað vegna skrifborðsæfingar. Eins lagði deildin til æfingaspjöld vegna bráðaflokkunar og áverkamats. Æfingaspjöldin eru samhljóða bráðaflokkunarspjöldum sem vistuð eru í bifreiðum viðbragðsaðila en eru merkt sérstaklega fyrir æfingar.

Vettvangur raunæfingar og takmarkanir

Slysavettvangur var í Aðaldal við bæinn Klömbrur. Ávettvangi voru 5 bíflök, tvö sett saman til að mynda rútu þar sem ekki fékkst rúta til æfingarinnar. Þrjú önnur bíflök á vettvangi. „Rútan“ var föst upp við bíflak norðan megin við veginn en sunnan megin við veginn voru tvö bíflök. Eldur logaði í einu bíflakinu. Slökkviliðið í Norðurþingi sá um að setja upp vettvanginn í samvinnu við Þorlák Helgason hjá Ísavia.

Um var að ræða vettvangsæfingu þar sem þolendur voru 27. Á vettvangi var 5 ónýtar fólksbifreiðar, sem mátti klippa til að ná fólki úr ökutækjunum. Þarna hafði orðið árekstur 4 ökutækjunum þannig að rútan var föst við fólksbifreið utan vegnar norðan megin við veginn. Tvær fólksbifreiðar voru utan vegar sunnan megin við veginn, eldur logaði í annarri þeirra.

Þolendur voru inni í öllum ökutækjunum og þurfti að beiti klippum til að ná einhverjum þeirra út úr flökunum. Einn þolandi (dúkka) átti að hafa verið í berjamó við vettvang og lenti undir rútinni og „lést.“

Áhersla var lögð á samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila og einnig var reynt á alla verkþætti. AST og VST var virkjað svo og verkþáttastjórar á slysstað sem eru: björgunarstjóri, gæslustjóri, aðhlyningarstjóri og flutningastjóri. AST hafði aðsetur í aðgerðastjórnstöð á lögreglustöðinni á Húsavík. Í SST voru þrír menn frá AVD og einn frá LSH. Virkjað var samkvæmt viðbragðsáætlun vegna hópslysa.

Æfingin miðaðist við slysavettvang, söfnunarsvæði slasaðra, VST,AST, SSS, móttaka slasaðra var í Hafralækjarskóla (Þingeyjarskóla við Hafralæk). Sjúkrahúsið á Húsavík tók ekki við neinum slösuðum, höfðu ekki tök á því að taka þannig þátt í æfingunni. Þolendur sem fluttir voru með sjúkrabifeið eða öðrum bifreiðum frá vettvangi, voru fluttir í Hafralækjarskóla.

Á vettvangi voru ráðgjafar, þeir voru í bláum ráðgjafavestum sem fengin voru að láni frá Ísavia, ráðgjafar voru staðsettir hjá AST á vettvangi hjá VST og fylgdu verkþáttastjórum og rýndu störf þeirra ásamt því að reyna að ná yfirsýn yfir allan vettvanginn. Nokkrir gestir mættu á svæðið til að fylgjast með æfingunni og var þeim úthlutað vesti til að aðgreina þá frá þátttakendum.

Gátlisti undirbúnings

Verkefni	Ábyrgð, Nöfn ábyrgðaraðila eru skráð hér
Kostnaður vegna æfingar	AV- nefnd Þingeyjarsýslu
Áætla fjölda þátttakenda	Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn
Boðunaræfing	Neyðarlínan
Setning og reglur æfingarinnar	Kristján Kristjánsson/Rögnvaldur Ólafsson
Húsnæði fyrir SSS og fjöldahjálparstöð	Hafralækjarskóli
Húsnæði fyrir fræðslu	Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn
Bráðaflokkunarspjöld	Friðgerður Br Jónsdóttir AVD
Undirbúningur leikara	Soffía Helga Valsdóttir
Útvega leikara	Soffía Helga Valsdóttir
Gera æfingahandrit	Grímur Kárason/ Hreiðar Hreiðarsson
Undirbúa vettvang	Grímur Kárason /Magnús Hermannsson
Ákveða æfingarstað (vettvang)	Grímur Kárason /Þorlákur Helgason
Finna búnað til æfingar	Grímur Kárason /Magnús Hermannsson
Finna rútu fyrir leikara	Lögreglan
Bílflak og íkveikja	Slökkvilið Norðurþingi og Isavia
Virkja samráðshóp áfallahjálpar	Rauði krossinn
Matur eða annað fyrir „sjúklinga“	Æfingastjórn
Fræðsludagskrá	Kristján Kristjánsson/ Friðgerður Br Jónsdóttir/ Rögnvaldur Ólafsson



Framkvæmd

Formleg setning æfingarinnar var 1. september kl 19:30 í Björgunarsveitarhúsinu Nausti og var hún opin öllum. Allir þátttakendur voru boðaðir á fundinn. Á setningunni var farið yfir öryggisreglur æfingarinnar umferðarskipulag, og þátttakendur beðnir að gæta að sér og sýna tillitssemi. Farið var yfir talhópaskipulag TETRA en nýir talhópar voru teknir í gagnið á æfingunni.

Eftir setningu og upplýsingar um æfinguna þá var farið yfir hvernig á að bráðaflokka.

Boðun

Upphaf raunæfingar:


Tími	Verkefni	Ábyrgð
Kl 07:00 Undirbúningur fyrir fórðun leikar. Hafralækjarskóli	Aðstoðarmenn förðunar mættu í VMA ásmat umsjónarmanni leikara og undirbúa förðun þeirra.	Soffía Helga Valsdóttir
Kl 07:00 Leikarar mæta	Leikarar mæta til förðunar og undirbúnings	Soffía Helga Valsdóttir
Kl 10:06 Boðun æfingar	112 boðaði æfingu með SMS skilaboðum	Neyðarlínan





- Blár 6**
Norðurland eystra
- Blár 6-0
- Blár 6-1
- Blár 6-2
- Blár 6-3
- Blár 6-4
- Blár 6-5
- Blár 6-6
- Blár 6-7
- Rauður 6-1
- Rauður 6-2
- Rauður 6-3
- Gulur 6-1
- Gulur 6-2
- Gulur 6-3
- SST - Blár
- SST - Rauður**
- SST - Gulur
- AST-6
- VST-6

Fjarskiptaskipulag – Norðurland eystra



Söfnunarsvæði slasaðra var staðsett í Hafralækjarskóla. Áverkamat fór fram í Hafralækjarskóla.



Vinna í fjöldahjálparstöð:

Fjöldahjálpastöðin var staðsett í Hafralækjarskóla

Verkefni aðgerðastjórnar (AST):

Aðgerðastjórn var staðsett á lögreglustöðinni á Húsavík. Eftirtaldir aðilar sinntu verkefnum AST: Aðgerðastjóri var Halla Bergþóra Björnsdóttir auk hennar voru í AST Kristján Kristjánsson, Jóakim Júlíusson frá lögreglunni Þórir Örn Gunnarsson frá slökkviliði, Kristján Þór Magnússon frá Norðurþingi, Gísli Árnason, og Hjálmar Bogi frá svæðisstjórn Bjs og Regína Sigurðardóttir frá HSN

Samskipti AST, vettvangs, SSS, fjöldahjálparstöðvar og samráðshóps áfallahjálpar:

Öll samskipti fóru í gegnum TETRA og síma.



Gátlisti framkvæmdar raunæfingar:

Verkefni	Ábyrgð
Setning æfingar	Kristján kristjánsson yfirlögregluþjónn
Boðun viðbragðsaðila kl.	112
Æfingastjóri	Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn
Eftirlit og fræðsla:	-Kristján Kristjánsson og Friðgerður Br Jónsd.
<i>með AST</i>	Friðgerður Br Jónsdóttir AVD
<i>með aðhlyningarstjóra</i>	Guðrún Geirsdóttir
<i>með vettvangsstjórn</i>	Rögnvaldur Ólafsson AVD
<i>með björgunarstjóra</i>	Þorlákur Helgason
<i>með gæslustjóra</i>	Hermann Karlsson
<i>með flutningsstjóra</i>	Frá Svæðisstjórn
<i>með fjöldahjálparstöð</i>	
<i>með leikurum</i>	Soffía Helga Valsdóttir
<i>með samráðshópi áfallahjálpar</i>	
Verkfæri ráðgjafa: gátlistar, ritföng, vesti, harðspjaldamöppur, TETRA	Lögreglan og AVD
Hlutverk SST	



Þáttur fjölmiðla

Samskipti við fjölmiðla og fyrirspurnir frá fjölmið

Hópslysaæfing í umdæmi Almannavarna Þingeyjarsýslu

Laugardaginn 03 september munu almannavarnir Þingeyjarsýslu ásamt öllum viðbragðsaðilum á því svæði halda hópslysaæfingu sem fara mun fram í Aðaldal við bæinn Klömbrur . Gera má ráð fyrir að allt að 100 manns muni taka þátt í æfingunni auk leikara sem taka að sér að leika þolendur. Þarna mun vera sviðsett stórt rútuslys með allt að 30 þolendum. Auk viðbragðsaðila á svæði almannavarna Eyjafjarðar mun Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð . taka þátt í æfingunni. Þennan dag má gera ráð fyrir einhverri truflun á umferð á þessu svæði. Æfingin er liður í innleiðingu á viðbragðsáætlun vegna hópslysa sem verið hefur í vinnslu í samstarfi við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra síðustu mánuði.



Rýni

Rýni var framkvæmd með þeim hætti að ráðgjafar fylgdust með AST, VST, vettvangi og verkþáttastjórum, fjöldahjálparstöð og samráðshópi áfallahjálpar. Í lok æfingar sendu ráðgjafar frá sér skýrslur og er þær að finna í þessum kafla. Á rýnifundi sem haldinn var í lok æfingar tóku lykilaðilar æfingar til máls og greindu frá sinni upplifun af æfingunni. Helstu niðurstöður fundarins er að finna hér fyrir neðan.

Niðurstaða rýnifundar

1. Fundargerð

Rýnifundur sem haldin var eftir hópslysaæfinguna 03 sept3 september 2016 2016

Rögnvaldur frá AVD setti fundinn, sem haldinn var utandyra þar sem það var sól og blíða. Hann vildi fá að heyra hvernig fólki fannst æfingin ganga og hvar væri svigrúm til bætinga.

Aðgerðastjóri Halla Bergþóra fannst æfingin ganga vel þarna var greinilega vant fólk sem kunni til verka. Upplýsingar frá vettvangi voru svolítið seint að berast, en um leið og þær fóru að berast þá gekk bara vel, heilt yfir.

Vettvangsstjóri Stefán. Fannst æfingin ganga vel en mikið af nýju fólki að taka þátt í æfingunni, fannst ganga illa að fá upplýsingar fyrst en að öðru leyti gekk vel. Hann kvaðst sáttur eftir æfinguna

Björgunarstjóri Rúnar tók undir með þeim sem áður höfðu tekið til máls, gekk ekki vel að fá upplýsingar og erfitt að fá tölu yfir slasaða smá „kaos“ fyrst en gekk svo mjög vel.

Aðhlyningarstjóri María: Gekk heilt yfir vel, grænir fóru samt framhjá SSS. Starfsfólk frá Rauða krossinum stóð sig mjög vel inni á SSS. Viðbragðssveit (Greiningarsveit áður) LSH kom ekki þar sem þau áttu að koma með þryllunni sem komst ekki. Aðhlst fannst erfitt að ímynda sér eitthvað sem var ekki, en þau ímynduðu sér að viðbragðssveitin væri á vettvangi

Gæslustjóri Vignir fannst æfingin ganga ágætlega en vildi minna björgunarmenn á að það á ekki að flytja látna (svarta) af vettvangi. Rannsóknarhagsmunir. Heilt yfir gekk æfingin vel

Flutningsstjóri Ástþór, allt gekk mjög vel það reyndar vantaði fleiri börur en annars gekk allt mjög vel

Soffía (sá um leikara) ef ekki væri fyrir leikara þá væri engin æfing í æfingunni voru 26 leikarar og ein dúkka smatals 27 „slasaðir“ Lúxus vandamál var að það var mjög gott veður, sól og hiti. Leikurum fannst björgunarfólk klofa yfir sig og rekast utan í þá, en annars voru leikarar mjög ánægðir með æfinguna.

Rögnvaldur sagði AVD koma að gerð viðbragðsáætluninni með öðrum viðbragðsaðilum og við værum þar til stuðnings. Allt virkaði mjög vel á æfingunni og SST mjög ánægð með samskiptin. Æfingar sem þessar eru mjög mikilvægar til að undirbúa okkur undir það sem getur gerst. Samvinna milli viðbragðsaðila gekk mjög vel.

Halla Bergþóra slítur æfingunni Kl 13:50 og þakkar fyrir góða æfingu og þakkar góðan undirbúning fyrir æfinguna



Niðurstöður æfingar

1. Leikarar og viðbragðsaðilar voru ánægðir með æfinguna og töldu hana gagnlega
2. Undirbúningur æfingarinnar gekk vel
3. Viðbragðsaðilar í umdæminu vinna vel saman. Sýna hvor öðrum virðingu og tillitssemi
4. Boðunin gekk mjög vel og skilaði sér til allra sem áttu að fá boð varðandi æfinguna
5. Rýnifundur markviss og skilvirkur

Tillögur til úrbóta

Til að æfingar af þessum toga nái alveg markmiðum sínum þarf að tryggja að allir þekki það skipulag sem almannavarnir vinna eftir. Boðun viðbragðsaðila er mikilvægur hluti af neyðarskipulaginu og þarf að ganga hnökralaust eftir uppfærðir boðunarskrá. Allar merkingar á slysavettvangi þurfa að undirstrika skipulag almannavarna og auðvelda viðbragðsaðilum störf á vettvangi

1. Upplýsingar frá vettvangi þurfa að berast hraðar
2. Þurfa að vera skýrari fyrirmæli um hvernig vinna skuli á græna svæðinu
3. Skerpa betur á fyrstu upplýsingum fyrir þá sem koma á eftir
4. Vantar fleiri bretti á slysavarnakerruna
5. Staðsetning á slysinu þarf að koma fram í fyrstu boðun
6. Þarf að vera fleiri starfsmenn á SSS þegar álagið er sem mest
7. Almannavarnanefndir á norðurlandi þyrftu að eiga eigin förðunarbúnað



Aðgerðarstjórn skýrsla: Halla Begþóra og Kristján

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn	HBB/KK
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Lögregla, Slökkvilið, RKÍ, Heilsugæsla, Norðurping, Landsbjörg	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Aðgerðarstjórn á lögreglustöðinni á Húsavík	
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekkert sérstakt í undirbúningi sem gekk illa.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mjög illa gekk að frá tölur úr bráðaflokkun frá VST og gerði það AST nokkuð erfitt fyrir að meta umfang slyssins.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur hefðbundinn og gekk vel fyrir þennan verkþátt
Skrifborðsæfing og fræðsla skiluðu sínu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ákveðið var að vera með aðra uppstillingu í AST og nýta töflur betur og gekk það mjög vel
Bjargir nýttu töflurnar til að hafa yfirsýn yfir allar bjargir og eins og fyrr segir gekk það vel og verður örugglega þróað áfram.
Á framkvæmdarborðinu fóru öll fjarskipti fram og gekk það einnig vel og kom vel út.

Ráðgjafi Aðgerðastjórnar: Friðgerður Br Jónsdóttir AVD

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Aðgerðastjórn	Friðgerður
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Áhöfn AST	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
AST	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Daginn fyrir æfinguna var haldinn skrifborðsæfing og var ágætlega mætt þar Nauðsynlegt er fyrir alla sem taka þátt í slíkum æfingum að mæta á skiborðsæfingar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Greinilega vant fólk í aðgerðastjórn. Greinilegt að menn vissu hvert hlutverk þeirra var og hver átti að gera hvað.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góð þátttaka í skrifborðsæfingunni og nýttist sú æfing vel á raunæfingunni

Vettvangsstjóri skýrsla: Stefán Þ Hallgrímsson

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjóri.	SÞH 0201 lögreglumaður.
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Lögregla(tveir menn) Landsbjörg (einn maður) og slökkvilið (einn maður) voru með vettvangsstjóra.	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Á vettvangi þ.e í vettvangsbifreið.	
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það sem kannski hefði mátt skerpa betur á voru fyrstu upplýsingar af vettvangi til þeirra sem á eftir komu til að fá sem besta mynd af aðstæðum. Vantaði svolítið þarna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Úrlausn í því samhengi er fólgin í því eins og þar sem (slökkvilið t.d) kemur fyrst að, er að einn maður/kona fari í það að miðla upplýsingum, sjái um það þar til mannskapur kemur á staðinn. Þetta er auðvelt að leysa með samtali þeirra sem að þessari vinnu koma þegar farið er yfir málin eftir æfingar sem þessa.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Annað er ekki hægt að segja en að æfingin gekk að mínu mati vel, fólk var áhugasamt því þeir aðilar sem að þessum málum koma hér sem á öðrum stöðum vilja fræðslu aukna þekkingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Halda æfingar reglulega á því læra þeir aðilar sem að koma og hlutir slípast til.

Nauðsynlegt er einnig að fá fólk eins og til dæmis frá RLS til að vera á staðnum og veita ráð og fylgjst með.

Ráðgjafi vettvangsstjóra: Rögnvaldur Ólafsson

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangsstjóri / Vettvangur	Rögnvaldur Ólafsson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar og björgunarsveitir	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Vettvangi / SSS	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mikilvægt að allir stjórnendur þekki stjórnkerfið sem unnið er eftir, SÁBF verkþáttaskipulagið og stjórn neyðaraðgerða á vettvangi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flestir í VST voru þar í fyrsta skipti og þar stundun á óöryggi um hlutverk og verkefni en það er mjög eðilegt.

Þegar VST kom á staðinn fannst mér þeir staðsetja sig of langt frá vettvangi. Vegna fjarlægðarinnar höfðu þeir ekki nægilega góða sýn yfir slysstaðinn. Auk þess skyggði önnur umferð viðbragðsaðila líka á yfirsýnina en VST var staðsett við aksturleið að slysstað. Þegar liðið var á æfinguna færðu þeir sig nær en voru samt of langt frá að mínu mati. VST hefði líka mátt fara oftar í vettvangsferð um staðin til að átta sig betur á stöðunnu á hverjum tíma, sérstaklega miðað við hvar þeir voru staðsettir.

Það hefði mátt ganga betur að fá upplýsingar frá vettvangi inn til VST.

Það voru ekki allir á vettvanginum að nota TETRA og fór hluti af fjarskiptum fram á VHF sem getur útskýrt upplýsingatappa til VST.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góð þátttak í aðdraganda æfingarinnar og mikill áhugi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

VST vann mjög vel saman og voru samstíga í sinni vinnu. Það var að reynast vel að nota umferðareftirlitsbíl sem stjórnstöð en þar er ágæt vinnuaðstaða fyrir VST. Góð samvinna VST við verkþáttastjóra.

Björgunarstjóri skýrsla: Rúnar Traustason

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri / Slökkvilið Norðurbings	Rúnar Traustason
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Slökkvilið, Sjúkraflutningar, Lögregla og Björgunarsveitir	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Í jaðri slysavettvangs	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þeir þættir sem ekki gengu nógu vel í æfingunni má að flestu leyti rekja til ónógs undirbúnings nokkra aðila fyrir æfinguna.

Flutningsaðilar, þá helst sjúkraflutningsmenn meiga ekki eingöngu einblína á að flytja rauða sjúklinga fyrst, það kom fyrir amk tvisvar sinum að sjúkraflutningsmenn biðu í 15-20 min eftir að rauður sjúklingur var undirbúinn fyrir flutning, þeir hefðu frekar mátt fara með gulan sjúkling í millitíðinni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vantaði staðsetningu á slysinu í boðunum

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mér finnst allur undirbúningur dagana fyrir æfingu skipta jafn miklu máli og æfingin sjálf og þeir viðbragðsaðilar sem taka þátt í æfingunni verða að undirbúa mannskapinn vel svo að menn komi klárir í æfingu og geri hlutina eins og á að gera þá.

Mér fannst öll vinna á vettvangi vera yfirveguð og fagleg

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það var gaman að sjá hvað ólíkar einingar virtust vera að ná að vinna vel saman

Ráðgjafi björgunarstjóra: Þorlákur Snær Helgason Isavia

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slysavettvangur /Björgunarstjóri	Þorlákur Snær Helgason
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Slökkvilið ,lögregla, sjúkraflutningar og björgunarsveitir	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Slysavettvangi	
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Björgunarstjóri:

Fyrir æfinguna var búið að ákveðja hver ætti að vera björgunarstjóri og kom hann ekki fyrstur á vettvang, sem gerir það að verkum að þeir sem koma á undan honum þurfa að taka stjórn á vettvangi en það var ekki gert.

Það vantaði fjarskipti inn á vettvang til að vera í sambandi við aðila sem voru að vinna á vettvangi. Bæði var verið að nota tetra og VHF inn á vettvanginum.

Aðstoðarmaður björgunarstjóra var óvirkur þannig að björgunarstjóri fékk enga aðstoða frá honum. Þar af leiðandi náði hann ekki utan um vettvanginn strax.

Viðbragðsaðilar á vettvangi:

Það var allt of mikið um það að viðbragðsaðilar hefðu ekki samband við björgunarstjóra um verkefni þegar þeir mættu á vettvang en viðbragðsaðilar eiga að fá úthlutuð verkefni frá björgunarstjóra.

Sjúkraflutningar:

Of mikið var verið að huga að sjúklingum á vettvangi í staðinn fyrir að koma þeim inn á SSS. Mun fyrr hefði verið hægt að flytja gul- og grænflokkaða af vettvangi en viðbragðsaðilar einblíndu of mikið á að flytja alla rauðu fyrst og var mikil bið eftir að þeir væru klárir til flutnings af vettvangi. Þar af leiðandi breyttust nokkrir gulir í rauða á meðan beðið var.

Klippur:

Slökkvilið þarf að taka ákvörðun um klippuvinna en ekki biða eftir sjúkraflutningamönnum. Þeir hafa allveg nóg að gera.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

10:00 Slysið tilkynnt til 112

10:06 boð koma til viðbragðsaðila

10:26 Fyrstu viðbragðsaðilar koma á vettvang, Björgunarsveitin í Aðaldal

10:27 Slökkvilið Þingeyjarsveitar kemur á vettvang

10:29 Lögreglan kemur á vettvang

10:35 Slökkvilið Norðurþings kemur á vettvang

12:00 Vettvangur afhentur lögreglu

Björgunarstjóri æfingarinnar er mjög efnilegur stjórnandi. Hann vantar bara upp á þjálfun og reynslu.

Aðhlyningstjóri skýrsla: María Sigurrós Ingadóttir

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðhlyningarstjóri/aðstoðarmaður aðhlyningarst	María Sigurrós/Jóhanna K.
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Búið var að bráðaflokka alla sem fluttir voru á SSS en þar áttu svo allir að fara í gegnum áverkamat. Áverkamat gekk mjög vel, vinnubrögð vel skipulögð og fagleg en það voru nokkrir þolendur sem ekki fóru í gengum sjálft áverkamatið þar sem þeir voru flokkaðir grænir og voru því fluttir beint á græna svæðið.

Það hefði þurft meiri mannskap á SSS þegar álagið var sem mest. Eitthvað af fagfólki var sent til aðstoðar að sunnan og þurftu þátttakendur æfingarinnar að ímynda sér þá aðstoð og gat það reynst erfitt þegar allir þolendur voru leiknir.

Upplýsingar um burðargetu sjúkrahúsa landsins og hvaða lit þolenda þau gátu tekið á móti fengust fljótlega hjá AST. T.d gat sjúkrahúsið á Neskaupsstað og Akranesi tekið á móti grænum þolendum auk HSN Húsavík. Flutningstæki voru almennt upptekin til flutnings á meira slösuðum og því biðtími fyrir græna orðin heldur langur á að fá aðhlyningu á sjúkrahúsi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

E.t v. vantaði aðeins upp á merkingar fyrir flutningsaðila inn á svæðið þar sem áverkamat fór fram. Jafnframt er mikilvægt að brýna fyrir fagfólki sem lendir í hópslysi að bráðaflokkun og áverkamat er ekki það sama og því þurfa allir þolendur að fara í gegn um áverkamat þrátt fyrir að hafa verið bráðaflokkaðir.

Mannskapur á SSS ræðst af því hverjir mæta í verkefnið og það getur verið að erfitt að stýra því hverju sinni. RKÍ var með þó nokkurn mannskap sem e.t.v. má nýta betur með heilbrigðisstarfsfólki en það mætti þá skýra betur hvert hlutverk þessara aðila eru. Hefðum viljað fá sjúkraliða frá HSN-Húsavík á æfinguna, en ljóst er að kallað yrði eftir þeim til aðstoðar á SSS ef um svipað slys væri að ræða. Sjúkraliðar færu svo með fyrstu „grænu“ á HSN-Húsavík. Í æfingu sem þessari er mikilvægt að æfa fleiri en greiningarsveit á SSS (á við boðun HSN-Húsavík á æfinguna, en þar var ekki gert ráð fyrir að sjúkraliðar tækju þátt í æfingunni).

Flestar heilbrigðisstofnanir landsins vinna eftir áætlunum ef upp koma hópslys. Gagnlegt væri að hafa skjal yfir burðargetu sjúkrahúsa m.t.t. alvarlegra veikinda og hvað hver stofnun hefur aðstöðu og búnað til að taka á móti.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar skipti miklu máli, stuttir fyrirlestrar til upprifjunar og skrifborðsæfing gerði það að verkum að æfingin sjálf gekk mjög vel og allir viðbragðsaðilar vel meðvitaðir um sín hlutverk.

Greiðlega gekk að setja upp söfnunarsvæði slasaðra og var aðbúnaður þar almennt góður og má þá nefna t.d. bekkir í eigu RKÍ sem komu að góðum notum.

Samskipti gengu almennt vel, mikið mæðir á ákveðnum aðilum en heilt yfir gekk vel að miðla upplýsingum og koma sínum málefnum áfram.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Gaman að sjá hvað allir viðbragðsaðilar unnu vel saman á æfingunni.

Gæslustjóri skýrsla: Vignir Stefánsson

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Lögreglunni Húsavík	Vignir Stefánsson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Lögregla, slökkvilið, Björgunarsveitir, sjúkrahúsið Húsavík, Rauði Krossinn, Isavia, Norðurþing og Þingeyjarsveit	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Á vettvangi í hlutverki gæslustjóra	
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fara betur yfir fjarskipti og notkun á fjarskiptabúnaði. Margir óvanir í að umgangast og tala í talstöðvar. Gott ef hægt er að reyna að auka öryggi þeirra sem að æfingunni koma í notkun og tali í Tetrastöðvarnar

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Fjarskipti. Of mikið er um að bjargir séu að tilkynna sig inn til AST um að að þeir séu farnir úr húsi og auka óþarfa álag á Fjarskiptin. Það þarf að liggja skýrar fyrir hvar móttökusvæði Bjarga er að koma þeim skilaboðum út, svo Bjargir geti farið beint þangað.

Gera þarf betur ráð fyrir hvernig björgum er komið fyrir á vettvangi með tilliti til að skapa ekki ringulreið eða loka aðrar bjargir inni.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðæfingin gekk vel og gaf góða heildarsýn á það sem koma skildi. Bráðaflokkunarspjöldin sem hengd voru upp nýttust fólki vel og gaf góða sýn inn í bráðaflokkunina.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ráðgjafi Gæslustjóra: Hermann Karlsson

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Gæslustjóri	Hermann Karlsson
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Lögreglan og björgunarsveitir	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Á slysavettvangi, SLY	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þar sem ég var ekki á fræðslufyrirlestrinum á fimmtudeginum veit ég ekki hversu ítarlega var farið þar í að kynna hin ýmsu hlutverk en á skrifborðsæfingunni kom fram hjá verkþáttastjórum að þeir væru allir í þessu í fyrsta skipti og þekktu því ekki þetta umhverfi neitt sérstaklega vel. Gerðu þeir sannarlega sitt besta en ljóst er að stefna þarf á að halda vettvangsstjóra námskeið hér norðan heiða hið fyrsta svo að menn fái meiri innsýn í þessi mál.

Þar sem ég er „utanaðkomandi“ á þessu svæði fann ég fyrir því að vita ekki deili á þeim sem þarna voru að störfum í vettvangsstjórn og verkþáttastjórar. T.d. í upphafi skrifborðsæfingarinnar hefði mátt láta þá kynna sig og upplýsa um stöðu sína og bakgrunn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þrátt fyrir reynsluleysi þeirra aðila sem gengdu helstu stjórnunarhlutverkum þá gekk æfingin vel og aldrei skapaðist neitt paník ástand og menn héldu ró sinni þrátt fyrir áreiti. Voru kannski of rólegir á tíðum ef eitthvað er miðað við alvarleika málsins.

Gæslustjóri var með einn lögreglumann með sér í verkefninu og fór sá lögreglumaður tiltölulega fljótt af SLY yfir á SSS til að sjá þar um talningu og gekk það allt vel eftir.

Flutningastjóri skýrsla: Bjarni Þór

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flutningastjóri (Bjarni Þór Björgvinsson)	Hallgrímur
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Rétt fyrir utan slysstað	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningurinn var flottur. En ég hef verið að velta fyrir mér að það gleymdist að fá björgunarmenn til að taka á móti slösuðum á söfnunarstaði slasaðra.

Það var mjög gott sem flutnings stjóri að fá boð þegar flutningsaðilar væru lausir. Ef maður myndi vilja senda þá t.d. upp á flugvöll, svo að tannhjólinn snúast sem best.

Það seinasta sem ég hef verið að hugsa með lokanir á vegum. Æfingin hefði alveg getað verið við hvaða T gatnamót á landinu svo það hefði verið gaman að vera á minni fjölförnum vegi og geta bara lokað slysstað með vegartálma (sem í raunveruleikanum væru björgunarsveitar menn) svo björgunar sveitarmenn væri ekki fastir í lokunum þegar þau læra miklu meira á því að vera á slysstað.

Annars gekk þessi æfing mjög vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk mjög vel utan við að slysavarnarkerran er alls ekki með nógu mikið að brettum. Svo lítið langt í söfnunarstað slasaðra, en annars bara gaman þótt maður hefði viljað sjá fleiri á þessari æfingu.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það gekk ótrúlega vel að láta þetta ganga, miðað við að allir stjórnendurnir eru að gera þetta í fyrsta skiptið. Allir tilbúnir að hjálpa hvor öðrum og þeir unnu sem ein heild

Ráðgjafi flutningsstjóra: Hallgrímur Óli

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flutningastjóri	Hallgrímur Óli
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Björgunarveitin Garðar (Bjarni og Ástþór)	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Á vettvangi slyssins og svo á söfnunarsvæði slasaðra	
4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þeir tilgreindu söfnunarsvæði bjarga í talstöðina á leið á vettvang, en allir sem komu fóru beint inn á vettvanginn.

Þeir hefðu stundum mátt standa við hlið björgunarstjóra

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Þeir eru síðastir á vettvang og engin á söfnunarsvæði þegar þeir mæta, þá unnu þeir bara þannig úr því. Söfnunarsvæðið var á veginum á vettvangi.

Að labba stöku sinnum til björgunarstjóra og bera saman bækur.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þeir virtust hafa góða yfirsýn yfir verkefni, stöðu mála og staðsetningu tækja. Líka þegar áreyti var mikið

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Ráðgjafi leikara: Soffía Helga Valsdóttir

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Soffía Helga Valsdóttir
2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Sjálfbóðaliðar	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Í leikaramiðstöð, á vettvangi og á SSS	
4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Förðunarbúnaður var fenginn að láni hjá ISAVIA og þurfti að senda hann að sunnan. Lítið hefði þurft að bera út af til þess að búnaðurinn hefði ekki náð hingað norður tímanlega fyrir æfinguna. Þá hefði farið illa

Mælist til þess að almannavarnanefndirnar á norðurlandi taki sig saman og eignist sinn eigin förðunarbúnað svo ekki þurfi að stóla á aðra.

Muna fyrir næstu æfingu að semja við sundlaugarnar að fá frítt fyrir leikarana í sund eins og oft er gert. Þannig eiga þeir auðvelt með að þrifa förðunina af sér og virkar líka oft hvetjandi að fá frítt í sund.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Mjög þungt loft var og mollulegt inni á SSS og fundu sumir sjúklingar fyrir vanlíðan þegar þangað inn var komið. Þegar aðstæður sem þessar koma upp þá þarf að fylgjast extra vel með leikurum.

Ef sömu aðstæður koma upp á SSS í raunveruleikanum má reikna með að vanlíðan sjúklunga verði meiri heldur en þegar loftræsting er góð.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur æfingarinnar gekk mjög vel. Upplýsingaflæði var mjög gott og auðvelt að fá svör við spurningum. Búið var að redda öllum leikurum tímalega og vissu þeir vel út í hvað þeir væru að fara. fjöldi sjúklunga var 27, 1 brúða og 26 leikarar og stóðu allir sig mjög vel. Mest voru þetta unglingar úr björgunarsveitum í nágrenninu eða nemendur í framhaldsskólum.

Leikaramiðstöð var í matsal Þingeyjarskóla og var aðstaðan til fyrirmyndar. Nægt pláss og nógur mannskapur til að farða. 5 vaskir förðunarfræðingar fóru létt með sjúklingaframleiðslu, og á svæðið þarna hæfileikaríka einstaklinga sem kunna vel til verka

Mjög heppilegt að hafa SSS, matinn, rýnifundinn og leikaramiðstöðina á sama stað. Þannig voru allir á sama stað og mjög auðvelt var að fylgjast með þeim leikurum sem voru hættir að leika og minna var um að þau væru að týna dótinu sínu eins og oft vill gerast þegar þarf að fylgjast með mörgum stöðum og oft langt á milli þeirra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Allir leikarar fundust og skiluðu sér í hús. Veðrið var næstum eins og best verður á kosið og var eiginlega of heitt á tímabili. Við þurftum þó ekki að hafa áhyggjur af því að leikurum yrði of kalt á meða á æfingunni stóð

2 fundu fyrir mikilli ógleði og höfuðverk eftir að inn á SSS var komið, aðrir minna en töluðu þó um það. Mjög vel var fylgst með þeim og jöfnuðu viðkomandi sig fljótt eftir að hafa fengið að drekka og komist út í ferskt loft. Það var mjög heitt og mollulegt inni á SSS. Viðkomandi voru sennilega eftir sig eftir allan hitann. Er þetta í fyrsta sinn sem við höfum fengið vanlíðan sjúklinga vegna of mikillar veðurbliðu.

Takk fyrir skemmtilega æfingu.